

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um siðareglur fyrir samskipti Félagsbústaða við leigendur - R18110062

Lagt er til að borgarráð samþykki að fara þess á leit við stjórn Félagsbústaða að samdar verði sérstakar siðareglur varðandi í samskipti starfsfólks Félagsbústaða Reykjavíkurborgar við leigutaka Félagsbústaða og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Siðareglur virðast ekki vera til hjá Félagsbústöðum eftir því sem næst er komist.

Greinargerð:

Í siðareglum er öllu jafnan kveðið á um samskipti starfsfólks við þjónustuþega og trúnað varðandi þær upplýsingar sem fram koma hjá þjónustuþegum. Einnig er kveðið á um hlutverk starfsmanna Félagsbústaða Reykjavíkurborgar og ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega og eins óformlega, vegna væntinga þjónustuþega, varðandi þjónustu, viðhald, og annars sem upp kann að koma. Í siðareglum er gjarnan fjallað um hvernig starfsfólk kemur fram við þjónustuþega og hvert við annað. Hvernig er gegnsæi tryggt í rekstri? Siðareglur leiðbeina þegar siðferðileg álitamál koma upp í starfi. Siðareglur minna á að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti, þjónustuþega, samstarfsfólk, stjórn og aðra hagsmunaaðila. Að öðru leyti hvað varðar innihald siðareglna má horfa til annarra siðareglna m.a. þeirra sem Reykjavíkurborg hefur sett sér svo og einstaka fyrirtæki á hennar vegum.